



LANDVERND

**ÁRSRIT
2020-2021**



Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands, er frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi.

Félagar í Landvernd eru um 5.700 og aðildarfélög 41.

Þessi skýrsla stjórnar var lögð fram á aðalfundi Landverndar þann 12. júní 2021.

Ljósmynd á forsíðu: Chris Burkard. Myndin, sem er af Tungnaá og fögru umhverfi hennar, var ein af einkennismyndum víðtækra umfjöllunar Landverndar um Hálendisþjóðgarð veturinn 2020-2021. Ljósmynd af Hengifossi á bls. 2 og 3: Roxana Bashyrova.

Ábyrgðarmaður: Tryggvi Felixson

Hönnun og umbrot: Dagný Reykjalin, Blek hönnunarstofa - Prentun: Svansprent, vistvæn prentsmiðja 

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|----|
| Virkjum kærleikann í þágu náttúrunnar | 4 |
| Landvernd styrk á erfiðum tímum | 6 |
| Fáfræðin dýrkeypta | 8 |
| Þjóðgarður í þágu náttúru og þjóðar | 10 |
| Flug spóans | 12 |
| Stefna Landverndar | 14 |
| Vilt þú láta til þín taka? | 15 |
| Starfsfólk Landverndar | 16 |
| Stjórn Landverndar | 17 |
| Menntun til sjálfbærni: | |
| - Valdið til unga fólksins | 19 |
| - Virkni, þátttaka og lýðræði | 20 |
| - Tíundi fáninn! | 20 |
| - Sæt tortíming | 21 |
| - Hvað getur ungt fólk kennt okkur um umhverfismálin? | 21 |
| - Lýsuhólsskóli og skítatilraunin mikla | 22 |
| Landvernd og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna | 22 |
| Samstarfsaðilar og alþjóðleg verkefni | 23 |
| Græn pólitík: | |
| - Landvernd er málsvari náttúrunnar | 24 |
| Gerum ný mistök, ekki gömul | 26 |
| Hvernig dreg ég úr kolefnissporinu? | 27 |
| Nokkrir valdir viðburðir starfsársins | 28 |
| Ályktanir 2020–2021 | 30 |
| Rekstrarreikningur 2020 | 31 |

ÁVARP FORMANNS

VIRKJUM KÆRLEIKANN Í ÞÁGU NÁTTÚRUNNAR

Þegar leitarorðin „þjörgum Jörðinni“ eru slegin inn á leitarvél Google birtast á sekúndubroti nær 200 þúsund ábendingar. Er það vísbending um að nægt framboð sé af ráðum til að bjarga lífríki jarðar, heimili okkar manna, frá eyðileggingu? Ef svo er, ætti viðfangsefnið að vera tæknilega viðráðanlegt. En tæknigetan ein leysir ekki vandann. Sökum okkar eigin andvaraleysis er heilsufar lífríkis jarðar á hverfanda hveli og þar með lífsgrundvöllur mannlægs samfélags, eins og við þekkjum það.

STRÍÐ VIÐ NÁTTÚRUNA ER HEIMSKULEGT OG MÁ LÍKJA VIÐ SJÁLFSVÍG

Í febrúar síðast liðnum birti Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna enn eina skýrsluna um ástand jarðar undir fyrirsögninni „Semjum frið við náttúruna“ leiðbeiningar um hvernig vísindin gætu tekið á því neyðarástandi sem ríkir vegna loftslagsbreytinga, rýrnandi lífbreytileika og mengunar.

Í upphafsorðum skýrslunnar ritar aðalritari Sameinuðu þjóðanna: „Mannkynið er í stríði við náttúruna. Það er heimskulegt og má líkja við sjálfsvíg. Afleiðingar kæruleysis okkar eru þegar augljósar; í þjáningum manna, gífurlegu efnahagslegu tjóni og sívaxandi eyðileggingu á grundvelli lífs á jörðinni.“

Sú mynd sem dregin er upp af heilsufari lífríkis jarðar í framangreindri skýrslu er dökk og boðskapurinn er að hvorki þekking né skortur á lausnum sé ástæðan. Meginskaðvaldurinn er hins vegar afstaðan til náttúrunnar. Lausnin gæti falist í því að breyta sambandi okkar við náttúruna – að semja við hana frið. Kærleikurinn er aflið sem þarf að virkja.

ÞAR SEM KÆRLEIKURINN RÆÐUR RÍKJUM

Lykillinn að því að lækna sjúkdóma er væntumþykja, þekking og vilji. Með því að rækta kærleikann til náttúrunnar breytist viðhorfið til hennar. Samfélagið hættir þá að líta á hana sem þjón mannsins og hún fær sitt eigið tilvistargildi sem heild – sem vistkerfi, þar sem maðurinn er bæði hluti af náttúrunni og lifir af henni. Með breyttu gildismati fá aðrir þættir en efnahagslegur ávinningur og skammtímagróði meira vægi. Ákvarðanir sem varða heilsufar lífríkis jarðar verða teknar á öðrum forsendum. Fjármunum úr sameiginlegum sjóðum verður ráðstafað með hliðsjón af umhverfisáhrifum. Atferli sem veldur tjóni á náttúrunni er skattlagt í samræmi við mengunarbótaregluna eða bannað. Sérhagsmunir og kæruleysi víkja.

DÁSEMDIRNAR ALLT UM KRING

Starf Landverndar snýst m.a. um að opna augu fólks fyrir dásemdum jarðar – og að rækta hið nauðsynlega samband á milli manns og náttúru. Verkefni eins og Skólar á grænni grein, Vistheimt með skólum, Ungt umhverfisfréttafólk, Loftslagsvernd í verki, hópferðir til að skoða land í hættu og nú síðast enduroppun Náttúruskólans að Alvíðru eru framlag Landverndar til þeirrar nauðsynlegru viðleitni að bæta samskiptin á milli manna og náttúru; draga úr kæruleysi og auka vilja til úrbóta.

GARÐUR ÞJÓÐARINNAR

Hálendi Íslands er ein verðmætasta auðlind Íslands, ef ekki sú verðmætasta. Þeim verðmætum er ógnað af margvíslegum áformum um m.a. orkumannvirki, uppbyggða vegi, háspennulínur, of miklu beitarálagi á viðkvæmum svæðum o.fl. Þjóðgarðar hafa þann tilgang að stuðla að mannbætandi upplifun í náttúrunni en



jafnframt að stýra umgengni og nýtingu með þeim hætti að náttúrugæðum verði ekki spillt. Að mati stjórnar Landverndar hefur „þjóðgarðsleiðin“ sannað sig bæði á Íslandi og víða erlendis sem skilvirk og góð náttúruvernd. Til að vernda hálendið er því affarasælast að fara þá leið. Um þetta er nú deilt. Ánægjulega segja flestir, sem taka til máls í þeirri umræðu, að vernda beri hálendið. Það er gott veganesti að farsælli lausn. Þó kann að vera að samræður þar um taki lengri tíma en vonir Landverndar stóðu til.

MANNLÍF OG NÁTTÚRA DAFNI Í SÁTT

Ef vel er að verki staðið getur ávinningur aðgerða til að vernda loftslagið verið umtalsverður og m.a. stuðlað að auknum jöfnuði í samfélaginu. Slíkar aðgerðir munu þó óhjákvæmilega draga úr arði þeirra sem byggja efnahag sinn á „rányrkju“. Það þarf, eins og Andri Snær sagði í bókinni *Um tímann og vatnið*, „nánast að endurhanna 20. öldina eins og hún leggur sig“. Lausnirnar eru margar hverjar fyrir hendi og þær vinna ekki bara á loftslagsvandannum, heldur munu þær einnig stuðla að sjálfbærri hagsæld og gera heiminn að stað þar sem mannlífið fær að dafna í betri sátt við náttúruna. Það sem vantar nú er öflugri pólitískur vilji, viðtækari stuðningur almennings og skilvirkara alþjóðlegt samstarf. Skilningur á þessu fer vaxandi þó enn sé talsvert um svokallaðan grænþvott. Landvernd lagði fyrst fram heildstæðar tillögur um loftslagsaðgerðir árið 2005 og er enn að. Loftslagshópur Landverndar er mikilvægur vettvangur til að vekja vitund og móta

hugmyndir um lausnir og Vefskóli Landverndar býður nú almenningi námskeiðið Loftslagsvernd í verki til að draga úr eigin kolefnisspori.

GRÆNAR LAUSNIR ÞVERT Á ALLAR LÍNUR

Landvernd er ekki flokkspólitísk samtök, heldur sístarfandi við að koma grænum lausnum á framfæri. Þar skiptir engu hvaða stjórn mála flokkur á í hlut. Árlega sendir Landvernd frá sér marga tugi umsagna þar sem málstað græna hagkerfisins er haldið á lofti.

ÞAKKIR

Sem formaður Landverndar hef ég verið lánsamur að starfa í félagsskap sem leggur sig fram í verkefnum sem hafa þann tilgang að gera landið okkar og jörðina að betri stað. Saman reynum við að fylgja eftir vilja 5.700 félaga í Landvernd, sem telja náttúruvernd vera eitt mikilvægasta verkefni samtímans. Það er heiður að vera formaður stærstu og öflugustu náttúruverndarsamtaka landsins. Því fylgir mikil ábyrgð. Andspyrna sérhagsmuna og einstaklinga, samtaka og fyrirtækja sem hafa aðrar hugmyndir getur verið óvægin og orðljót. Látum það ekki slá okkur út af laginu og spilla vinnugleðinni, til þess er verkefnið of mikilvægt. Ég þakka framkvæmdastjóra Landverndar, Auði Önnu Magnúsdóttur og starfsfólki Landverndar fyrir mikilvægt framlag. Félögum í stjórn þakka ég góðan stuðning og óeigingjarna vinnu í þágu náttúrunnar.

Tryggvi Felixson, formaður Landverndar 2019–2021

Landmannalaugar



ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

LANDVERND STYRK Á ERFIÐUM TÍMUM

Kæri Landverndari,

Félagahópurinn okkar er stór og þrátt fyrir Covid þá hefur hann haldist nokkuð stöðugur. Stjórn og starfsfólk Landverndar eru félagsmönnum gríðarlega þakklát fyrir að standa með samtökunum í því að verja umhverfi og náttúru á þessum erfiðu tímum í þjóðfélaginu.

Síðasta starfsár var krefjandi hjá Landvernd eins og hjá öllum öðrum. Það sem bar hæst voru samt gleðifréttir af Ströndunum en rétt fyrir síðasta aðalfund Landverndar sló HS Orka virkjanahugmyndum sínum á Drangajökulssvæðinu á frest.

AÐSTÆÐUR KALLA Á NÝJAR AÐFERÐIR

Heimsfaraldurinn hafði áhrif á starfið í Landvernd en hið frábæra starfsfólk Landverndar var fljótt að aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Við náðum því að halda fjölmarga viðburði, m.a. fundaseríu um náttúruna og hálendisþjóðgarð með áherslu á mismunandi landshluta, margmiðlunarsýninguna „Enginn veit hvað átt hefur fyrir en misst hefur“ í samstarfi við Ólaf Sveinsson á Egilsstöðum og Ísafirði, fundi um náttúru og samfélag á Vestfjörðum og skemmtilegt og vel sótt rafrænt málþing um hálendið sem verðmætustu auðlindina. Önnur verkefni eins og Skólar á grænni grein, Loftslagsvernd í verki og Vistheimt með skólum þurftu einnig að færa sig í auknu mæli yfir á netið og í mörgum tilvikum eru þær breytingar komnar til að vera.

VARFÆRNI Í FJÁRMÁLUM

Markmið Landverndar er að skila hvorki afgangi né halla, heldur nýta fjármuni hvers rekstrarárs á skilvirkan hátt til að framfylgja stefnu og baráttumálum samtakanna. Í maí 2020 var tekin ákvörðun um ítrustu varúð hvað varðar fjármálin, enda óljóst hver áhrif faraldursins yrðu á tekjur Landverndar.

Áhyggjurnar voru þó óþarfar því rekstrarhagnaður varð af starfi Landverndar árið 2020. Það fé nýttist til góðra verka árið 2021.

FÉLAGAR Í LANDVERND

Félagsmönnum fækkaði á starfsárinu, eru nú rúmlega 5700 en voru í lok síðasta starfsárs rúmlega 5900. Við vitum að vegna ástandsins hefur víða verið hart í ári, þess vegna erum við afar þakklát fyrir þann stuðning og traust sem okkur er auðsýnt. Vegna heimsfaraldursins hefur Landvernd ekki farið í stór átök til þess að afla nýrra félaga en á nýju starfsári verða fleiri leiðir til félagaöflunar reyndar, í bland við þær gömlu sem gáfust vel. Ég hvet alla félagsmenn til þess að aðstoða okkur við að ná í nýja félaga.

FÉLAGASKRÁIN Í HÚS

Á árunum 2015 – 2020 var umsjón félagatals og umsjón við öflun nýrra félaga útvistað, en um mitt ár 2020 var fyrirkomulaginu breytt og skrifstofa Landverndar sér nú um alfarið um alla þessa þætti. Við breytingarnar sparaðist töluvert fé, auk þess sem Landvernd hefur nú beinni og betri tengsl við félagana og minni hætta er á mistökum við skráningar.





Mýrdalssandur

FLEIRI HENDUR TIL STARFA

Vegna sterkrar fjárhagsstöðu gat Landvernd bætt við sig starfsfólki, m.a. til að sinna verkefnum tengdum félagatali og -öflun og inn í verkefnið Skólar á grænni grein. Við fögnum nýjum starfsmönnum með starfsstöðvar á Egilsstöðum, í Reykjavík og að Alviðru í Ölfusi, því þrátt fyrir að vera lítil vinnustaður teljum við mikilvægt að hafa starfsmenn um allt land. Nýju starfsmennirnir eru Guðrún Schmidt, sérfræðingur við Skóla á grænni grein, Hjördís Ásgeirsdóttir, fræðslufulltrúi Alviðru og Örn Guðnason, fjármálafulltrúi. Enginn hætti hjá Landvernd á starfsárinu þannig að skrifstofa Landverndar telur nú tólf starfsmenn í átta stöðugildum. Tveir starfsmenn eru í fæðingarorlofi.

ÞRÝSTINGUR Í ÞÁGU NÁTTÚRUNNAR

Samskipti við stjórnvöld voru mikil á árinu eins og lesa má hér í ársskýrslunni. Umsagnir, erindi, kærur og kvartanir voru yfir 60 og umfjöllunarefnið af misjöfnum toga. Sum báru góðan ávöxt, t.d. erindi Landverndar til utanríkisráðuneytisins um hvers vegna ráðuneytið hefði ekki tekið eitt grænt skref frá 2016 þegar það var skráð í verkefnið Græn skref í ríkisrekstri. Eftir hvatningu Landverndar hefur utanríkisráðuneytið nú lokið fyrsta skrefinu og er langt komið með annað skrefið.

Stærsta baráttumál Landverndar undanfarinn áratug er án efa þjóðgarður á miðhálandi Íslands og nú liggur frumvarp fyrir Alþingi um hann. Það eitt og sér er stór sigur og áfangi. Landvernd hefur þó hlotið mikla og oft ósanngjarna gagnrýni á starfsárinu fyrir baráttu sína fyrir þjóðgarði. Í kjölfar snarpra skoðanaskipta hafa félagar gengið úr Landvernd en aðrir komið í staðinn, einmitt vegna staðfastrar baráttu Landverndar fyrir verndun hálandisins.

MIKILVÆG GRASRÓT OG FAGRÁÐ LANDVERNDAR

Skemmtilegasta nýjungin í starfi Landverndar er grasrótahóparnir og fagråd Landverndar. Eftir lagabreytingu á síðasta aðalfundi styrktist grundvöllur fyrir starfi grasrótahópa og fagråd Landverndar var endurvakið. Grasrótahópar í loftlagsmálum, hálandismálum og endurheimt vistkerfa eru nú starfandi hjá samtökunum. Nánari upplýsingar um fagråd og grasrótahópa er að finna á heimasíðu Landverndar og eru áhugasamir hvattir til að hafa samband.

Kæri félagi í Landvernd. Þörfin á öflugu starfi umhverfisverndarsamtaka hefur aldrei verið jafn brýn og nú. Á sama tíma hefur vitund almennings um umhverfismál aldrei verið sterkari. Það er þér og öðrum félagsmönnum Landverndar að þakka að samtökin geta staðið vaktina fyrir íslenska náttúru og umhverfisvernd í þágu komandi kynslóða. Gefðu þér gott klapp á bakið. Ég hlakka til áframhaldandi samstarfs.

Njótum náttúrunnar!

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar

STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR

FÁFRÆÐIN DÝRKEYPTA

Spurning sem hefur lengi verið mér hugleikin. Hvað veldur því að svo margir og misjafnir Íslendingar líta á fósturjörðina sína eins og hverja aðra tertu sem hægt er að kaupa endalausar sneiðar af og háma í sig? Svarið, eða hluti af því opinberaðist mér þegar ég hlustaði á Þóru Ellen Þórhallsdóttur prófessor fara yfir umhverfisáhrif af Kárahnjúkavirkjun, og Háslóni sérstaklega, í aðdragandanum að þeirri illræmdu framkvæmd. Á sinn einstaklega greinargóða hátt lýsti hún afleiðingunum – og gagnsleysi mótvægisáðgerðanna sem virkjunaraðili boðaði.

Meðan ég hlustaði á skýrar staðreyndir um framkvæmdina hugljómaðist mér að meinið hlyti að vera fáfræði. Að enginn með réttu ráði og vel upplýstur um hvað í húfi væri gæti hugsanlega verið hlynntur þessu stórfellda og ónauðsynlega hermdarverki á landinu sínu. Þar á meðal útrýmingu gróðurlendisræmu frá jökli til sjávar, þeirrar einu þess sem eftir var á eyjunni okkar. Einnig varð skýrt að eyðileggingin er ekki í eitt skipti fyrir öll, heldur er hún líka framhaldseyðilegging um ókomin ár í mynd gróðureyðingar og áfoks. Hörmuleg viðbót við eyðimörkina sem nú þekur fósturjörðina að svo stórum hluta.

Fáfræðin já. Getur það verið nokkuð annað sem ræður ferð þegar sveitarstjóri vestra segir opinberlega um umhverfisáhrif Hvalárvirkjunar á þá leið að þarna sé ekkert nema grjót. Og þegar sveitarstjórinn suðeystra segir varðandi Hverfisfljótsvirkjun að nóg sé af hrauninu. Þar með auðvitað frítt fram að fórna heild hraunlandsins ósnortna fyrir nauðsynjalausa framkvæmd – sem telst jafnframt mjög vond virkjunarhugmynd. Það sýnir sig að jafnvel þeir sem eru sveitungar einstakrar náttúru geta verið blindir á ómetanleg verðmæti hennar. Fáfróðir um hana. Í þessu tilfelli um sjálft Skaftáreldahraunið sem á hvergi í heiminum sinn líka og hefur fengið að hvíla óáreitt hingað til – sem stærsta hraun jarðarinnar frá sögulegum tíma. Ætti það ekki að vera á heimsminjaskrá UNESCO frekar en að vera útsett fyrir óafturkræf hervirki?

Ríkjandi viðhorf ráðandi fólks gagnvart íslenskri náttúru virðist enn vera veiðileyfið, ekki varslan – sama hversu mikið hefur nú þegar verið gengið á náttúru og vatnafar landsins. Hvað um ófremdarferlið varðandi virkjunarhugmyndir? Að hver sem er hafi veiðileyfi á hvaða foss sem er, hvaða náttúru sem er. Ef þessi hver sem er hyggst virkja þá á hann heimtingu á opinberu álit. Það að ekkert sé vinsað úr, strax, er út af fyrir sig glóruleysi sem mikil vandræði hljóttast af. Og sundrung manna á meðal í viðkvæmum byggðarlögum.

Út af fyrir sig væri það rannsóknarefni hversu nærri heilsu og kröftum náttúruverndandi bænda og búaliðs virkjunarfyrirtækin stór og smá hafa gengið, í gegnum tíðina. Er þá slagurinn kringum Þjórsárver og Þjórsárvirkjanir stórbrotnasta dæmið. Sú barátta sem Jón bóndi í Geldingaholti, fjölskylda hans og sveitungar hófu árið 1970 heldur áfram. Hálf öld er liðin og það er lagt á herðar afkomendanna að berjast áfram. Enn er freklega gengið á krafta þeirra heimamanna sem líta á náttúruna sem eilífðarverðmæti – ókaupanleg fyrir peninga. Enn vinnur virkjanadrifin sundrungin ópurftarverk sín í dreifðum og viðkvæmum byggðum.

Dæmin um ónæmi fyrir náttúrunni og vörsluleysi um hana hlaðast upp á Íslandi, ekki síst eftir að rányrkjuferðamennskan hófst. (Rányrkja er orðið, því allt of lítið fé er lagt





Reynisfjall og Reynisdrangar

til uppbyggingar og skipulags á móti hávaðagróðanum af ferðamönnum.) Hvað hafa mörg ómetanleg svæði orðið fyrir óafturkræfum skaða vegna ágangs? Er virkilega ekki í bígerð að hafa fjöldatakmarkanir á svæðunum sem mest hafa skemmst, þegar ferðamennskan kemst aftur á skrið

- til að bjarga því sem enn verður bjargað.

Nýjasta dæmið um fyrirhugað stórfellt náttúrunið að séríslenskum hætti er vegurinn gegnum Reynisfjall. Að hugmyndin hafi yfirleitt orðið til er í rauninni fjarstæðukennt - um leið enn einn vitnisburður um algert ónæmi fyrir dýrmætu landi sem á hvergi sinn líka. Hér er þar að auki um að tefla eitthvert stórbrotnasta og mest ljósmyndaða svæði Íslands. Skyldu þær milljónir erlendra ferðamanna sem þarna hafa komið og orðið ofandottir yfir Reynisfjöru, Reynisdröngum, Dyrhólaey, trúu sínum eigin eyrum, þegar þeir fréttu af svo yfirgengilegu áformi. Og munu þeir halda áfram að leggja leið sína á svæðið, ef það verður virkilega vettvangur þessarar eyðingar?

Hvað er svo að fréttu af fiskeldi eyjarskeggja? Það er kannski hægt að halda því fram að Íslendingar eigi Ísland og megi éta það eins og þeim sýnist, enn lengra niður í svörð en orðið er - en það er ekki hægt að halda því fram að Íslendingar eigi hafið, sama hvað landhelginni líður. Að menga það, sjónmenga, og svína út með fiskeldi, það er ekki einkamál þeirra sem eyjuna byggja.

Og hvað um að setja íslenska laxinn í útrýmingarhættu? Landsins göfugustu skepnu, sem var heimilisföst á eyjunni okkar löngu á undan írskum einsetumönnum og viðurkenndum landnámsmönnum. Hér hefði mikinn lærdóm mátt draga af eyðileggjandi mistökum

Norðmanna og fleiri þjóða hvað laxeldið varðar - en það var ekki til í dæminu. Ekki til í dæminu að horfa frekar á þau verðmæti sem alvörulaxinn býr til, sem slíkur, dragandi að sér heimsins moldríkasta fólk. Hagfelldustu ferðamennina - eða hvað?

Hvað er svo fleira að fréttu af fiskeldismálum? Sama sagan og með álverið á Reyðarfirði. Ágóðinn fer úr landi. Í fiskeldinu eru það Norðmenn sem stjórna og hirða gróðann. Stundum spyr maður sig hvort ráðamenn, ráðherrar sem þessu stjórna, og lögin leyfa, líti á frekar á Ísland sem þriðja heims ríki en fullvalda þjóð. Ef hin manísku stórmengandi fiskeldisáform áttu að verða til þess að bjarga fjárhag Íslands, þá hefði væntanlega þurft að hugsa dæmið aðeins öðru vísi! Hér lítur reyndar út fyrir að fleira ráði ferðinni en lykilorðið FÁFRÆÐI.

Við höfum átt úrvalsfólk sem reyndi af öllu afli að fræða, á tímum þegar enn meira var á brattann að sækja í náttúruvernd en nú er. Mér dettur í hug Guðmundur Páll Ólafsson, fremstur meðal jafningja, vinurinn kæri sem íslensk náttúra missti allt of snemma. Mér finnst að kaflar úr bókum hans ættu að vera skyldulesning í skólum og ætti að halda á lofti sem víðast. Mér finnst að meiri uppfræðslu sé þörf um íslenska náttúru, úr því að enn eru svo margir sem líta á hana eins og girnilega tertu sem hægt er skera stykki úr og éta - en ekki það sem hún er, viðkvæmt lífríki sem þarf sárlega á hlífiskildi að halda. Mestu verðmætin sem við eigum.

Því er það ómetanlegt að eiga öflug samtök, sem fræða og spyrja spurninga. Landvernd, sem ber nafn með rentu.

PÁLL GUÐMUNDSSON
FRAMKVÆMDASTJÓRI FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS

ÞJÓÐGARÐUR Í ÞÁGU NÁTTÚRU OG ÞJÓÐAR



Allt frá stofnun Ferðafélags Íslands (FÍ) árið 1927 hefur markmið félagsins verið að hvetja Íslendinga til ferðalaga um eigið land og greiða fyrir þeim. FÍ hefur jafnframt lagt áherslu á miðlun þekkingar á náttúrunni og að fræða þátttakendur í ferðum félagsins og allan almenning um náttúru landsins. Félagið hefur því leitast við að standa vörð um möguleika fólks á að ferðast um landið og njóta þess sem náttúra Íslands hefur uppá að bjóða. FÍ telur að stofnun þjóðgarða og friðlýsingar í tengslum við þá sé mikilvæg leið til að tryggja að hin einstaka náttúra landsins fái staðið óspillt fyrir komandi kynslóðir að njóta. Á sama hátt er mikilvægt að þær reglur sem munu gilda um dvöl og för í þjóðgördum séu til þess fallnar að tryggja rétt almennings til að ferðast um landið og njóta útivistar þar. FÍ telur framlagt frumvarp til laga um hálendisþjóðgarð jákvætt framlag til náttúruverndar og útivistar.

Stjórn Ferðafélags Íslands hvetur til þess að stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins verði unnin í víðtæku samráði við ferða- og útivistarfélag, sveitarfélög og aðra hagaðila sem starfað hafa lengi, jafnvel áratugi, innan fyrirhugaðra þjóðgarðsmarka. Taka þarf skýrt fram í lagatexta um þjóðgarðinn að rekstraraðilar sem eiga og reka skála eða aðrar sambærilegar fasteignir á fyrirhuguðu þjóðgarðssvæði, haldi áfram réttindum sínum innan hins fyrirhugaða þjóðgarðssvæðis. Tilgangur með stofun þjóðgarðs á hálendi Íslands er eingöngu tvíþættur. Annars vegar að vernda sérstæða náttúru og sögu svæðisins. Hins vegar að gefa almenningi kost á að kynnast og njóta miðhálendisins ásamt því að tryggja sem best aðgengi að honum.

Alls bárust yfir 160 umsagnir um frumvarp til laga um stofnun hálendisþjóðgarðs til umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Fjölmargar umsagnir eru neikvæðar og gerðar eru miklar athugasemdir við frumvarpið um þjóðgarðinn. Mikilvægt er að við jafnt stórt mál og stofnun þjóðgarðs á hálendi Íslands ríki almenn og breið sátt á meðal þjóðarinnar. Þess vegna er mikilvægt að bregðast við athugasemdum um frumvarpið sem borist hafa. Til að sú vinna sem þegar hefur verið unnin í málinu glatist ekki þá væri einn möguleiki í stöðunni, að taka smærri skref og í lengri áföngum. Vatnajökulsþjóðgarður hefur þurft 10 – 12 ár til að slíta barnsskónum. Að sama skapi er eðlilegt að nýr stór þjóðgarður á hálendinu þurfi 10 – 12 ár til að mótast og þróast. Um leið og gerðar eru málamiðlanir þá þurfum við öll að skilja að leikreglur um náttúruvernd og umferð almennings eru nauðsynlegar og eiga að vera í þágu náttúrunnar.

Það eru án efa gríðarleg verðmæti fyrir land og þjóð til framtíðar að vernda náttúru á hálendi Íslands. Megi Alþingi Íslendinga finna bestu lausnina á þessu áhugaverða og krefjandi verkefni.



TÓMAS GRÉTAR GUNNARSSON

FLUG SPÓANS




Í síðustu viku apríl fer einn og einn spói að sjást á landinu. Þessir fyrstu fuglar eru oft áberandi þreytulegir, kviðdregnir og flaksast áfram með djúpum vængjatökum. Flestir þeirra fugla sem svo er ástatt um hafa líklega lagt að baki um 6 þúsund kílómetra flug frá vetrarstöðvum sínum í V-Afríku, í einum rykk. Þetta flug tekur þá um fjóra daga og fjórar nætur án hvíldar. Langflestir spóar koma þó til landsins í fyrstu viku maí eftir að hafa haft viðkomu á Írlandi og Bretlandi í um eina til tvær vikur þar sem þeir hvíla sig og fita áður en þeir leggja í lokasprettinn til Íslands.

Eftir um 20 daga dvöl á landinu fara þeir að verpa en flestir spóar verpa á hálf mánaðar tímabili um mánaðamótin maí-júní. Þetta er ófrávikjanlegt mynstur og aðeins þeir sem missa eggin sín mjög snemma reyna að verpa aftur sama sumar. Ungar verða fleygir á tæpum mánuði. Feðurnir gæta unganna allan tímann en flestar mæður yfirgefa fjölskylduna nokkrum dögum áður en ungarnir verða fleygir. Fullorðnir spóar yfirgefa landið í lok júlí og byrjun ágúst en á haustfarinu fljúga nær allir spóar beint til V-Afríku án hvíldar! Ungfuglarnir yfirgefa landið seinna, flestir seinni hluta ágúst.

Á veðursælum síðsumarkvöldum má sjá spóahópa skrúfa sig hátt í loft upp við suðurströnd landsins. Þar hverfa þeir upp í heiðblámann og ómur af köllum þeirra heyrir löngu eftir að fuglarnir eru hættir að sjást með sjónauka. Einn og einn spói hættir við og kemur aftur til jarðar og bíður eftir betri degi. Þetta háflug þjónar líklega einkum þeim tilgangi að leita að meðbyr í mismunandi hæð, en miklu munar fyrir orkuvarðveislu að leggja af stað í svo erfitt og hvíldarlaust flug í góðum byr. Fremur flestum íslenskum vaðfuglum er spóinn á mjög strangri tímaáætlun. Hann dvelur fjær Íslandi á veturna en flestir aðrir landfuglar og hefur fáar vísbendingar um hvernig tíðarfarið er á Íslandi að vori. Hann kemur því seint (þegar úti er vetrarpraут) til landsins þegar hætta á vorhretum er hverfandi. Nær allur stofninn verpur á örstuttum tíma og fuglarnir byrja strax að undirbúa sig fyrir haustfarið, samhliða uppeldi unga.

Líklega verpa 40% spóa heimsins á Íslandi. Ljósmyndari: Tómas Grétar Gunnarsson





Spóinn flýgur 6.000 km leið frá V-Afríku í einum rykk.
Ljósmyndari: Tómas Grétar Gunnarsson

Hjá spóa og nokkrum öðrum tegundum vaðfugla hefur þróast langt viðstöðulaust farflug af þessu tagi. Metið eiga lappajaðrakanar sem verpa í Alaska en hafa vetursetu á Nýja Sjálandi en þeir fljúga um 11 þúsund kílómetra án viðkomu og tekur flugið rúma viku. Þessi ótrúlegu farkerfi hafa þróast á löngum tíma og eru skólabókardæmi um einstæða aðlögun lífvera að umhverfi sínu. Mikið flugþol, hæfileikar til að rata og halda átt yfir kennileitalausu úthafinu og fínstilltar tímasetningar atburða yfir árið eru allt flóknir eiginleikar sem spila saman. Þessir hæfileikar, sem hafa þróast á löngum tíma, gera spóum kleift að nýta sér til hagsbóta jafn ólíkar aðstæður og finnast á hvítum ströndum V-Afríku og Markarfljótsaurum.

Auk almennra einkenna tegundarinnar má einnig sjá merkilegar aðlaganir hjá einstaklingum, ekki síst eiginleika sem geta þroskast á langri ævi. Þannig snúa spóar aftur á sömu varp- og vetrarstaði á hverju ári og læra á hin finni blæbrigði umhverfisins með reynslunni. Þeir læra hvar fæðu og öryggi er að finna, læra að þekkja nágranna sína og aðlaga viðbrögð sín við þeim. Þannig mætti halda lengi áfram en við erum aðeins skammt á veg komin við að öðlast skilning á hinu flókna lífi farfuglanna og flestra annarra lífvera. Það sem við köllum spóa er afurð umhverfisins, einstakt form sem lífið hefur tekið á sig á milljónum ára, form sem kemur aldrei aftur.

Til að varðveita þau fjölbreyttu verðmæti sem felast í lífinu er nauðsynlegt að huga að ferlum sem móta lífverur og vistkerfi. Lífverur verða að hafa rými og tækifæri til að þróast og viðhalda sér. Meðal annars svo stofnar geti aðlagast breytingum á umhverfi. Til þess þarf að viðhalda breytileika á mismunandi skipulagsstigum lífsins frá erfðabreytileika, fjölbreytni einstaklinga og stofna, upp í vistkerfi. Slík ferlahugsun er að koma með skýrari hætti inn í vísindi um vernd

líffræðilegrar fjölbreytni en líffræðileg fjölbreytni myndar og viðheldur öllu lífi á jörðinni. Og þar komum við að kjarna náttúruverndar. Hún snýst fyrst og fremst um að taka frá land fyrir líf eða að samræma nýtingu og vernd á sem skástan hátt. Spóinn gefur gott dæmi um þörf á að huga að ferlum í náttúruvernd. Þeir verpa hvergi (í heiminum) þéttar en á hálfgrónum áraurum og söndum á Íslandi, sem eru einkum á flæðisléttum stóróa en einnig við sjóinn á nokkrum stöðum. Viðhald þessara sérstæðu búsvæða er háð því að ferlar (flóð) í náttúrunni fái að hafa sinn gang. Þannig myndast og viðhelst sá sérstæði bútasaurur vistgerða sem einkennir þéttustu spóavörpin. Breytingar á vatnafari og landnám innfluttra tegunda ógna þessum svæðum nú með afgerandi hætti og þar með þeim ferlum þróunar og fjölbreytni sem á þeim velta.

Á tímabilum þrenginga í jarðsögunni, t.d. vegna loftslagsbreytinga, hafa sumir farfuglar og aðrar lífverur getað aðlagð útbreiðslu sína eftir því sem skilyrði breytast. Því er ekki til að dreifa nú, því við mennirnir erum nú alls staðar. Þess vegna er aukin þörf á að vernda lífverur á núverandi útbreiðslusvæðum. Alþjóðlegir samningar í náttúruvernd taka mið af þessu. Hver þjóð verndar það sem er einstakt í hverju landi. Líklega verpa um 40% af spóum heimsins á hinu örsmáa láglendi Íslands. Engin önnur þjóð ber viðlíka ábyrgð á tegundinni. Það sama á við nokkrar aðrar tegundir landfugla. Þær mynda útvalda sérsveit þrautseigra farfugla sem eru færir um að heimsækja þessa einangruðu eldfjallaeyju á hverju vori og eru ríkur þáttur í sérstöðu Íslands. Spóar eru ekki upphaf eða endir í náttúruvernd en þeir eru nærtækt dæmi um einstakt náttúruundur sem við Íslendingar berum meiri ábyrgð á en aðrir. Það er í okkar höndum hvort hið stórbrotna langflug sem spóinn hefur þreytt yfir Atlantshafið í þúsundir ára viðhelst eða deyr út.

STEFNA LANDVERNDAR 2019 – 2021

Á aðalfundi vorið 2019 var samþykkt stefna Landverndar til þriggja ára, þar sem meginviðfangsefni samtakanna voru skilgreind. Með stefnunni fá stjórn og starfsfólk Landverndar skýra mynd af því hvar félagsfólk vill að samtökin nýti krafta sína. Þannig verður líka auðveldara að koma á framfæri við almenning fyrir hvað Landvernd stendur og hægt að forgangsraða markvisst einstökum málum.

Náttúruvernd, loftslagsmál og sjálfbært samfélag eru þau svið sem Landvernd einbeitir sér að. Auk þess er skilgreint í stefnunni að sjónum skuli sérstaklega beint að ungu fólki og fræðslu. Starfsfólk Landverndar hefur unnið ótullega að þessum viðfangsefnum á starfsárinu.

Stefnuna í heild má finna á heimasíðu Landverndar, landvernd.is



NÁTTÚRUVERND



LOFTSLAGSMÁL



SJÁLFBÆRNI



FRÆÐSLA



VILT ÞÚ LÁTA TIL ÞÍN TAKA?

Starfið í grasrótahópum Landverndar er frábær leið fyrir athafnasama félagsmenn Landverndar til að leggja sitt af mörkum og hafa áhrif.

Allir félagsmenn eru velkomnir í hópana og ekki er gerð nein krafa um sérfræðiþekkingu eða vinnuframlag. Fundir eru haldnir reglulega, þar sem fjallað er um mál sem brenna á þátttakendum. Fræðsla er hluti hópastarfins, t.d. frá utanaðkomandi fyrirlesurum, og umræður oftast fjörugar á eftir. Síðan farsóttin hófst hafa fundir verið haldnir á netinu.

LOFTSLAGSHÓPUR LANDVERNDAR

Loftslagshópurinn er einn af fáum aðgerðarhópum í umhverfismálum á Íslandi sem hittist reglulega. Fundir eru haldnir aðra hverja viku og er tíminn vel nýttur. Farsóttin hefur hamlað þátttakendum í því að fara út í þjóðfélagið og láta til sín taka, en áður skipulögðu meðlimir hópsins ýmsa viðburði og gjörninga í þágu umhverfisins. Sú starfsemi fer aftur í gang þegar sóttvarnarreglur leyfa.

Á síðasta starfsári hefur Loftslagshópurinn unnið að margvíslegum málefnum og gripið til fjölbreyttra aðgerða, meðal annars hefur hann:

- Skrifað og birt greinar um loftslagsvænar jóla- og skógjafir og nýju stjórnarskrána
- Skrifað og lagt fram umsagnir um uppfærðar aðgerðaáætlanir stjórnvalda og Reykjavíkurborgar í loftslagsmálum

Virkir sjálfbóðaliðar grasrótar Landverndar fóru saman í uppskeruferð á Fimmvörðuháls undir dyggri leiðsögn Tryggva formanns. Við erum afar lánsöm að hafa virka félagsmenn sem láta sig umhverfismálin varða – ferðin var okkar leið til þess að þakka þeim fyrir vel unnin störf.

- Birt niðurstöður könnunar Gallup í fjölmiðlum um að meirihluti Íslendinga telji að stjórnvöld ættu að líta á loftslagsmál sem áskorun á við COVID-19
- Sent áskorun á 180 stærstu fyrirtæki og stofnanir Íslands að taka upp Matarspor Eflu og setja sér markmið í matarsóun
- Tekið þátt í að skipuleggja gjörninga til að vekja athygli á nauðsyn þess að stjórnvöld leggi nýja stjórnarskrá fyrir Alþingi. Þar tók hópurinn m.a. þátt í listsýningum og mótmælum myndlistartvíeykisins Libiu Castro og Ólafs Ólafssonar ásamt greinarskrifum um nýju stjórnarskrána

HÁLENDISHÓPUR LANDVERNDAR

Í Hálandishópnum koma saman félagar í Landvernd sem vilja hafa áhrif og deila sýn á óumdeilt mikilvægi viðerna Íslands. Starf hópsins felst í því að vekja athygli á hálandi Íslands og styðja við stofnun Hálandisþjóðgarðs. Á fundum Hálandishópsins er reglulega boðið upp á fyrirlestra og umræður að þeim loknum. Umræður á fundum snúa þá oft að viðfangsefni fyrirlestursins eða öðrum málefnum sem viðeigandi eru að hverju sinni. Farsóttin hefur hamlað starfi hópsins síðastliðið ár en með tilslökunum á takmörkunum hefur hópurinn látið á sér bera á nýju ári með fundum, fyrirlestrum og skipulagningu fræðsluviðburðar um Hálandi Íslands.

STARFSFÓLK LANDVERNDAR



Auður Önnu Magnúsdóttir *Framkvæmdastjóri*

Auður er með doktorsgráðu í lífefnafræði og hefur stundað rannsóknir á því sviði. Hún er gríðarlega forvitin og vill vita meira um alla hluti. Hún hefur brennandi áhuga á betri heimi fyrir menn og önnur dýr. Auður hefur starfað hjá Landvernd síðan árið 2018.



Ellen Ágústa Björnsdóttir *Skrifstofustjóri*

Ellen er viðskiptafræðingur og stundar meistaranám í mannauðsstjórnun. Hún hefur áhuga á umhverfismálum, náttúruvernd, mannréttindum og jafnrétti. Ellen hefur starfað hjá Landvernd frá því í ársbyrjun 2017. Hún er í fæðingarorlofi.



Guðrún Schmidt *Sérfræðingur við Skóla á grænni grein*

Guðrún er með MA gráðu í menntun til sjálfbærni, Bsc gráðu í búvísindum og er að auki búfræðingur. Hún er þjálfuð sem leiðbeinandi í Youth Leading the World. Guðrún hefur brennandi áhuga á umhverfis- og náttúruvernd. Guðrún kom til starfa árið 2020.



Hafþór Óli Þorsteinsson *Verkefnisstjóri félagaöflunar*

Hafþór er viðskiptafræðingur með meistaraþátt í forystu og stjórnun. Hann stundar útihlaup og sund af kappi, auk þess safnar hann vinylplötum, sérstaklega frá diskótímabilinu. Hafþór er nýjasti starfsmaður Landverndar því hann hóf störf 1. júní sl.



Heiður Agnes Björnsdóttir *Samskiptastjóri*

Heiður er viðskiptafræðingur með meistaraþátt í stjórnun, MBA. Hún er með græna fingur og ræktar bæði skóg og matjurtir, skrifar ljóð og ferðast um lífið með myndavél að vopni. Heiður hóf störf hjá Landvernd vorið 2020.



Hjördís Björk Ásgeirsdóttir *Fræðslufulltrúi Alviðru*

Hjördís er garðyrkjufræðingur og leiðsögumaður með diploma í ferðamálafræði. Hún hefur áhuga á umhverfismálum, fræðslu og ræktun. Hjördís hóf störf fyrr á árinu en er öllum hnútum kunnug, þar sem hún var staðarhaldari og forstöðumaður í Alviðru frá 1999 til 2010.



Katrín Magnúsdóttir *Verkefnisstjóri við Skóla á grænni grein*

Katrín er lífræðingur með M.A. gráðu í mannfræði með áherslu á umhverfis- og þróunarfræði. Hún hefur lokið diplómanámi í kennslufræðum og námskeiðum í menntun til sjálfbærni. Áhugamálin eru útivist og ferðalög, hjólræiðar og tónlist. Katrín hefur starfað hjá Landvernd frá 2013.



Kristján Geir Gunnarsson *Viðburðastjóri*

Kristján er viðskiptafræðingur með meistaraþátt í mannauðsstjórnun. Hann hefur brennandi áhuga á útivist, sérstaklega þó fjallgöngum og stangveiði. Kristján hóf störf hjá Landvernd haustið 2019.



Margrét Hugadóttir *Vefstjóri og sérfræðingur Skóla á grænni grein*

Margrét er náttúrufræðikennari, fjölmennningarfræðingur og námsefnishöfundur. Hún er með M.Ed. gráðu í fjölmennningarfræðum og B.Ed. gráðu í kennslu náttúrugreina. Hún er er mikil áhugakona um náttúruvernd og jafnréttismál, ferðalög og tilraunir í eldhúsinu, útielund, lestur góðra bóka og tónlist. Margrét hefur starfað hjá Landvernd frá 2016.



Rannveig Magnúsdóttir *Verkefnisstjóri Vistheimtar með skólum*

Rannveig er sérfræðingur Landverndar í málefnum sem tengjast vistheimt, lífbreytileika, matarsóun, plasti og loftslagsmálum. Rannveig er lífræðingur með meistara- og doktorsgráðu í spendýravistfræði. Hún syngur í kór, spilar á blokkflautu og didgeridoo og kastar öxum í frístundum. Rannveig hefur starfað hjá Landvernd frá 2013.



Sigurlaug Arnardóttir *Sérfræðingur við Skóla á grænni grein*

Sigurlaug hefur lokið B.Ed. gráðu með tónmennt sem sérgein, burtfararprófi í klassískum söng og MA gráðu í hagnýtri menningarmiðlun. Áhugamálin eru söngur og tónlist, sjálfbærni, náttúruvernd og mannréttindi. Sigurlaug hóf störf hjá Landvernd 2019.



Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir *Verkefnisstjóri*

Vigdís er félagsfræðingur með meistaraþátt í opinberri stjórnsýslu með sérhæfingu á sviði fjölmiðlunar og boðskipta. Vigdís hefur áhuga á vegan matseld (hún les matreiðslubækur í frístundum), en ekki síður tjaldútilegur og djass. Vigdís hóf störf hjá Landvernd 2019. Hún er í fæðingarorlofi.



Örn Guðnason *Fjármálafulltrúi*

Örn er viðskiptafræðingur en státar líka af prófi í grafískri hönnun. Hann hefur brennandi áhuga á myndlist, enska boltanum, náttúrulegum og gönguferðum. Örn hóf störf hjá Landvernd árið 2020.

STJÓRN LANDVERNDAR



Tryggvi Felixson
stjórnarformaður
auðlindahagfræðingur

Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir
varaformaður
orku- og umhverfisverkfræðingur með
doktorspróf í arkitektúr

Ágústa Jónsdóttir
meðstjórnandi
líffræðingur með meistaragráðu í stjórnun

Áskell Þórisson
meðstjórnandi
starfsmaður Landgræðslunnar

Brynja Huld Óskarsdóttir
meðstjórnandi
landvörður og með gráðu í öryggis-
og varnarmálafræðum

Erla Bil Bjarnadóttir
meðstjórnandi
búfræðingur

Halldóra Björk Bergþórsdóttir
meðstjórnandi
jarðfræðingur

Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson
meðstjórnandi
líffræðingur

Margrét Auðunsdóttir
meðstjórnandi
líffræðingur

Pétur Halldórsson
meðstjórnandi
líffræðingur



Ferðafélag Íslands • Mörkinni 6 • www.fi.is • 568-2533

Ferðaáætlun FÍ er komin út

MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI

VALDIÐ TIL UNGA FÓLKISINS!

Um víða veröld kvíðir ungt fólk framtíðinni, óttast loftslagsbreytingar og afleiðingar þeirra. Fólk með mikinn loftslagskvíða óttast til dæmis að jörðin og heimurinn séu við það að líða undir lok vegna loftslagsbreytinga. Á Íslandi upplifir ríflega þriðjungur 30 ára og yngri loftslagskvíða. Landvernd rekur nú tvö verkefni sem stuðla að valdeflingu nemenda á þessu sviði: Skóla á grænni grein og Ungt umhverfisfréttafólk.

„I have learned you are never too small to make a difference“

– Greta Thunberg

Áreiti er mikið í samfélaginu í dag og á okkur dynja upplýsingar um hamfarahlýnun, hnignun lífbreytileika, öfgar í veðurfari og Covid-19. Börnum og ungmennum getur reynst flókið að henda reiður á öllum þessum upplýsingum. Hvað þýðir þetta allt og verða afleiðingarnar raunverulega eins slæmar og talað er um? Við þessar aðstæður er auðvelt að finnast maður lítills megnugur.

MINNKUM KVÍÐANN MEÐ AÐGERÐUM

Sýnt hefur verið fram á að hægt sé að milda áhrif loftslagskvíða með því að tala um vandann, vera upplýst, finna leiðir til að takast á við hann og hafa áhrif á aðra. Allt eru þetta lykilþættir í menntastefnu sem kallast menntun til sjálfbærni. Við getum nefnilega öll haft áhrif. Við höfum vald til að breyta okkur sjálfum og hafa áhrif á aðra. Við getum fundið lausnir og gripið til aðgerða.

Valdefling nemenda er eitt megininntak menntunar til sjálfbærni sem er sú stefna sem Skólar á grænni grein og Ungt umhverfisfréttafólk byggja á.

MENNTUM UNGA FÓLKID TIL SJÁLFBÆRNI

Valdefling og nemendalýðræði eru lykilþættir menntunar til sjálfbærni. Nemendur læra um þær ógnir sem steðja að en þeir fá líka í hendur tæki og tól til að sporna við vandanum. Lögð er áhersla á þverfagleg verkefni, hnattræna vitund og tengsl við nærsamfélag. Nemendur eru búinir undir framtíðina og vinna verkefni sem m.a. stuðla að því að finna árangursríkar leiðir til að allir jarðarbúar geti lifað góðu lífi án þess að ganga á auðlindir jarðar.



MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI

VIRKNI, ÞÁTTTAKA OG LÝÐRÆÐI

Í Skólum á grænni grein mynda nemendur mikilvægan hluta umhverfisnefndar skólans síns, þeir sjá um að meta stöðu umhverfismála og setja markmið til að bæta það sem þeim þykir brýnast. Þeir fylgja markmiðunum eftir með hjálp samnemenda, starfsmanna skólans og gjarnan með þátttöku nærsamfélagsins. Þannig eru nemendur virkjaðir til áhrifa innan síns skóla og nærsamfélags og er lýðræðislegum aðferðum beitt til að sem flestir fái að koma að borðinu. Grænfáninn er táknræn viðurkenning þess að skóli hafi náð settum markmiðum.

RAUNVERULEG VERKEFNI

Nemendur takast á við raunverulegar áskoranir í umhverfi og samfélagi skólans, þeir þurfa að setja sig í spor annarra, miðla málum og komast að sameiginlegri niðurstöðu. Þannig læra þeir að beita áhrifum sínum til að stuðla að breytingum.

TÍUNDI FÁNINN!

Hvanneyrardeild Grunnskóla Borgarfjarðar hlaut sinn tíunda grænfána þann 10. desember 2020 fyrir framúrskarandi árangur í innleiðingu menntunar til sjálfbærni í skólastarfið og er hann fyrsti skólinn á Íslandi til að hljóta grænfánann svo oft. Árangurinn er starfsfólki, stjórnendum og ekki síst nemendum að þakka.

Vegferð skólans í verkefninu spannar nær tvo áratugi því fyrsta grænfánann fékk skólinn (sem þá hét Andakílsskóli) 4. júní 2002.

Skólinn hefur í gegnum tíðina unnið að ólíkum þeimum og verkefnum sem tengjast áherslum sjálfbærni. Hann hefur t.d. tekið fyrir áttþaga og landslag, lýðheilsu og hnattrænt jafnrétti, unnið gegn matarsóun og dregið úr vistspori sínu með því að minnka úrgang og molta lífrænan úrgang. Útinám er mikilvægur hluti af skólastarfinu sem og tengsl við nærsamfélag skólans.



Tíundi grænfáninn í höfn.
Ljósmyndari: Skessuhorn, Anna Rósa Guðmundsdóttir.



MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI

SÆT TORTÍMING

Vorið 2021 hlaut Íris Lilja Jóhannsdóttir fyrstu verðlaun Ungs umhverfisfréttafólks í flokki framhaldsskólanema fyrir myndina *Sæt tortíming* (e. *Sweet Destruction*).

UMSÖGN DÓMNEFNDAR:

„Ein mynd segir oft meira en þúsund orð. Þessi listræna nálgun á hækkandi hitastig jarðar og neysluhyggju okkar grípur strax augað og vekur mann til umhugsunar.“

„Við erum að eyðileggja jörðina í skiptum fyrir skammvinna ánægju. Við erum að sleikja jörðina upp, auðlindirnar eru sætar eins og ís. Ég vil nota einfalda líkingu til að sýna fólki hvað við erum að gera við jörðina. Við verðum að grípa til aðgerða eins og lagðar eru til í markmiðum sjálfbærrar þróunar 11, 12 og 13... Ef við viljum ekki að jörðin og lífið á henni deyi verðum við að hætta að neyta og framleiða svo mikið á kostnað jarðarinnar. Njótum okkar ljúfu og fallegu jarðar á ábyrgan hátt.“

HVAÐ GETUR UNGT FÓLK KENNT OKKUR UM UMHVERFISMÁLIN?

Í verkefninu Ungt umhverfisfréttafólk (e. Young Reporters for the Environment) fjalla nemendur um málefni sem tengjast sjálfbærni á gagnrýninn hátt, koma með hugmyndir að lausnum og miðla þeim á árangursríkan hátt eftir ólíkum leiðum. Lögð er áhersla á áreiðanleika upplýsinga og nemendum kennt að greina áreiðanlegar upplýsingar frá falsfréttum.

MENNTUN TIL SJÁLFBÆRNI

LÝSUHÓLSSKÓLI OG SKÍTATILRAUNIN MIKLA

Vorið 2020 sýndi Lýsuhólsskóli frumkvæði að því að kynna nemendum í 5. – 9. bekk vistheimt og finna bestu leiðirnar til að græða upp vegkant í nágrenni skólans. Fulltrúar skólans höfðu samband við Landvernd og héraðsfulltrúa Landgræðslunnar á Vesturlandi. Í framhaldinu var ákveðið var að gera smækkaða útgáfu af tilraun verkefnisins Vistheimt með skólum og nota til þess mismunandi búfjárburð. Nemendur mældu út fimm tilraunareiti, þar af var einn viðmið en í hina fjóra var sett kúamykja, sauðatað, hænsnaskítur og hrossatað.

Nemendur hafa unnið fjölbreytt verkefni út frá tilrauninni, t.d. útbúið rafbók með upplýsingum um verkefnið, teiknað hvernig þau sjá reitina fyrir sér eftir 10 ár, tínt blóm og jurtir úr þeim, þurrkað og búið til plöntuhandbók, veitt skordýr í gildirur í hverjum reit og birt niðurstöður í töfluformi.

Skítatilraunin verður eitt verkefnanna í Náttúra til framtíðar sem er nýtt námsefni um vistheimt og náttúruvernd fyrir unglingastig og framhaldsskóla sem nú er í smíðum á vegum Vistheimt í skólum og verður gefið út í samstarfi við Menntamálastofnun síðar á árinu.



Hautið 2020 tóku nemendur út gróðurinn í tilraunareitunum og sáu að mikill munur var á gróðri innan og utan reita – og milli reita. Ljósmynd: Landgræðslan

LANDVERND OG HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Í allri vinnu Landverndar er lögð áhersla á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Flest falla þau afar vel að menntaverkefnum Landverndar, enda er sérstök áhersla lögð á að þátttökuskólar vinni að þeim með einhverjum hætti. Til menntaverkefna Landverndar teljast m.a. Skólar á grænni grein, Ungt umhverfisfréttafólk og Vistheimt með skólum.

Eitt af lykilatriðum Heimsmarkmiðs 4 er menntun til sjálfbærni sem er sú stefna sem menntaverkefni Landverndar vinna samkvæmt.

Þar kemur fram að „eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.“

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru 17 og miða að því að allir Jarðarbúar lifi mannsæmandi lífi án þess að Jörðin hljóti skaða af.

Öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa samþykkt að vinna að markmiðunum til ársins 2030.



SAMSTARFSADILAR OG ALÞJÓÐLEG VERKEFNI

Landvernd vinnur með fjölmörgum samstarfsaðilum hérlendis og erlendis að margvíslegum verkefnum. Til dæmis má nefna umhverfis- og auðlindaráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntamálastofnun, Umhverfisstofnun, Reykjavíkurborg, Klappir, náttúruverndarsamtök víða um land og önnur alþjóðleg náttúruverndarsamtök. Hér að neðan má sjá umfjöllun um nokkra af samstarfsaðilum Landverndar.



SKÓLAR Á GRÆNNI GREIN – GRÆNFÁNINN

Skólar á grænni grein (Eco Schools) er alþjóðlegt menntaverkefni fyrir nemendur á öllum skólastigum. Ríflega 20 milljónir nemenda í 56 þúsund skólum í 70 löndum taka þátt í verkefninu. Á Íslandi taka 50 þúsund nemendur í 200 skólum á öllum skólastigum – allt frá leikskólum upp í háskóla. Landvernd hefur fókusað verkefnið frá upphafi, allt frá árinu 2001. Alþjóðlegu umhverfismenntasamtökin Foundation for Environmental Education (FEE) reka verkefnið alþjóðlega.



UNGT UMHVERFISFRÉTTAFÓLK

Ungt umhverfisfréttafólk (Young Reporters for the Environment) er rekið í 45 löndum og taka um 360 þúsund nemendur þátt. Verkefninu er ætlað að vera valdeflandi vettvangur fyrir ungt fólk að kynna sér umhverfismál með gagnrýnum hætti og miðla upplýsingum til almennings með fjölbreyttum leiðum. Verkefnið hefur verið rekið hér á landi síðast liðna tvo vetur. Tíu framhaldsskólar og fjórir grunnskólar tóku þátt að þessu sinni. Verkefnið er systurverkefni Skóla á grænni grein og er rekið af alþjóðlegu umhverfismenntasamtökunum Foundation for Environmental Education (FEE).



Landgræðslan
Síðan 1907

VISTHEIMT MEÐ SKÓLUM

Verkefnið Vistheimt með skólum hefur verið starfrækt frá 2013 og er unnið í samstarfi við Landgræðsluna, Hekluskálgana og tíu grænfánaskóla. Áhersla er lögð á þátttöku nemenda í rannsóknum og vistheimtaraðgerðum og er verkefnið liður í að efla þekkingu og getu skólanna til að takast á við flóknari umhverfismál eins og loftslagsbreytingar og tap á lífbreytileika. Verkefnið eru fjölbreytt og gerðar eru tilraunir, mælingar og vistheimt, bæði á gróðurshvæfandi landi og í endurheimtu votlendi.

ENDURHEIMT BIRKISKÓGANA

Haustið 2020 tóku Skógræktin og Landgræðslan höndum saman og óskuðu eftir stuðningi landsmanna við að endurheimta birkiskóga landsins. Landvernd er samstarfsaðili og tekur þátt í skipulagningu á þessu vistheimtarverkefni sem verður endurtekið haustið 2021. Landvernd hefur frá upphafi lagt áherslu á verndun og endurreisn spilltrar náttúru og náttúrugæða. Þetta mikilvæga viðfangsefni er nú í brennidepli hjá Sameinuðu þjóðunum, sem hafa skilgreint áratug endurheimtar vistkerfa 2021-2030.



LIFANDI NÁTTÚRA

Fjölbreytt verkefnið Lifandi náttúra (Hob's Adventure) er samstarfsverkefni grænfánaskóla á Íslandi, í Slóveníu, Eistlandi og Lettlandi. Landvernd hafði umsjón með verkefninu hérlendis allt frá 2018. Afurð samstarfsins er handbók ætluð 5 – 9 ára nemendum, með tugum kennsluáætlaða um fjölbreytileika lífríkisins. Þar er áhersla lögð á verklegar æfingar, m.a. rættun í skólastofnunni. Bókin kom út snemma árs 2021.



HREINT HAF – NÁMSEFNI

Hreint haf fjallar um hafið og hvernig það hefur áhrif á líf okkar. Ýmsar hættur steðja að hafinu og við ættum öll að hugsa að heilbrigði hafsins. Í bókinni er hafið er notað sem rauður þráður í kennslu um loftslagsbreytingar, neyslu og sjálfbærni. Verkefnið eru valdeflandi og veita nemendum verkfæri til að takast á við flókin viðfangsefni líkt og loftslagsbreytingar á tímum loftslagskvíða. Í útgáfu Menntamálastofnunar fylgir efninu verkefnabanki, kennsluleiðbeiningar og hljóðbók.

GRÆN PÓLÍTÍK:

LANDVERND ER MÁLSVARI NÁTTÚRUNNAR

Landvernd stendur vörð um lýðræðislega stjórnarhætti þegar kemur að umhverfismálum. Í því felst skýlaus krafa um að farið sé að lögum þegar ákvarðanir um framkvæmdir eru teknar. Í lögum samtakanna segir að markmið þeirra sé „sjálfbær umgengni þjóðarinnar heima við og á hnattræna vísu“.

Markmið Árósasamningsins er einnig hið sama: Að tryggja sjálfbæra þróun til framtíðar. Það verður ekki gert nema með lýðræðislegum ákvörðunum þar sem valdi er dreift og réttur almennings til að taka ákvarðanir um umhverfi sitt og náttúru er tryggður.

Í stefnu samtakanna sem samþykkt var á aðalfundi 2019 vegur græna pólitíkin þungt – hagsmunagæsla í þágu umhverfisins. Raunar er hún ein af okkar öflugustu aðferðum til að vernda umhverfi okkar og framtíðarkynslóða.

KVARTANIR TIL ALÞJÓÐLEGRA EFTIRLITSAÐILA

Á starfsárinu kvartaði Landvernd til Eftirlitsstofnunar EES-samningsins, ESA, vegna þess að lög um mat á umhverfisáhrifum standast ekki EES-reglur. Með því var fylgt eftir ályktun síðasta aðalfundar Landverndar.

ESA felldi svo bráðabirgðaúrskurð vegna kvartana Landverndar og fleiri samtaka þar sem stofnunin féllst á öll málsrök Landverndar. Kvörtunin varðaði framgöngu Alþingis og sjávarútvegsráðherra í kjölfar úrskurðar úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í málum tveggja laxeldisfyrirtækja. Alþingi breytti lögum í kjölfar úrskurðanna og gerði þá þannig að engu. Nánari umfjöllun um málin má finna í ársskýrslu Landverndar 2018–2019 á bls. 12 og 16 – á heimasíðu samtakanna.

SAMSTARF VIÐ HEIMAMENN

Landvernd nýtir kæruréttinn sem samtökunum er tryggður með Árósa- og EES samningunum með það að markmiði að styrkja umhverfis- og náttúruvernd í landinu. Það hafa samtökin gert undanfarið í auknu mæli í samstarfi við umhverfisverndarsamtök í heimabyggð. Með því móti nýtur Landvernd góðs af þekkingu heimamanna auk þess að styðja við samtök þeirra – og veitir stjórnvöldum um leið öflugra aðhald en ella.



Kvernufoss er í ánni Kvernu sem fellur fram Skógaheiði. Ljósmyndari: Andrew Mayovskyy

ÍSLENSK YFIRVÖLD ERU BUNDIN AF FJÖLÞJÓÐLEGUM SAMNINGUM

Árósasamningurinn hefur verið í gildi síðan 2011. Hann veitir umhverfisverndarsamtökum rétt til:

- aðgangs að upplýsingum
- þátttöku í stefnumótun og ákvarðanatöku um umhverfismál
- rétt til að véfengja leyfi fyrir framkvæmdum sem hafa mikil áhrif á umhverfið

EES samningurinn veitir sama rétt og eru íslensk yfirvöld því bundin af tveimur fjölþjóðlegum samningum að þessu leyti. Kæruréttur gildir ekki aðeins um leyfi, heldur einnig um athafnir og athafnaleysi stjórnvalda og loks á, samkvæmt Árósasamningnum, að vera unnt að kæra bæði athafnir og athafnaleysi einkaaðila sem brjóta gegn lögum sem varða umhverfið.

FRAMKVÆMDALEYFI KÆRÐ

Þrjú framkvæmdaleyfi vegna Suðurnesjalínu 2 í lofti voru kærð á starfsárinu til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála. Um er að ræða framkvæmdaleyfi Reykjanesbæjar, Hafnafjarðar og Grindavíkurbæjar til handa Landsneti. Öll þrjúta þau gegn náttúruverndarlögum, skipulagslögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum kemur fram að langminnstu umhverfisáhrifin yrðu ef línan yrði lögð í vegöxl Reykjanesbrautar í stað þeirrar loftlínu sem Landsnet vill leggja. Engar haldbærar skýringar hafa fengist á því hvers vegna sveitarfélögin fallast á tillögu Landsnets um loftlínu enda hefur Sveitafélagið Vogar hafnað beiðni Landsnets um framkvæmdaleyfi.

UMSAGNIR

Eins og mörg undanfarin ár sendi Landvernd frá sér fjölmargar umsagnir á starfsárinu um margvísleg lagafrumvörp, þingsályktunartillögur, skipulagstillögur, mat á umhverfisáhrifum o.fl. Málaflokkarnir eru margir s.s. náttúruverndarsvæði og stjórnun þeirra, loftslagsmál, skipulagsmál og flutningur rafmagns. Lagafrumvarp um þjóðgarð á miðhálandi Íslands hefur verið lagt fram eftir miklar umræður og frestanir, þar sem Landvernd sendi inn ítarlega umsögn, enda yrði þjóðgarður á hálandi Íslands mikið framfaraskref fyrir land og þjóð.

Landvernd sendi frá sér umsagnir um væntanlega þjóðgarðastofnun sem yrði annað stórt framfaraskref fyrir íslenska náttúruvernd Hér á eftir má sjá lista yfir þær umsagnir sem Landvernd sendi frá sér á starfsárinu flokkaðar eftir málefnum skilgreindum í stefnu Landverndar. Tölur innan sviga sýna hversu margar umsagnir voru sendar um hvert mál.



NÁTTÚRUVERND

- Aðalskipulagsbreyting í Árborg vegna efnislosunar
- Breyting á lögum um náttúruvernd (3)
- Dyrhólaey – stjórnunar- og verndaráætlun
- Friðland að Fjallabaki – stjórnunar- og verndaráætlun
- Friðlýsing Fitja
- Friðlýsing Gerpissvæðis
- Friðlýsing Geysis
- Friðlýsing Kerlingarfjalla (2)
- Friðlýsingar í Garðabæ (2)
- Friðlýsingar í Mosfellsbæ (4)
- Hálandisþjóðgarður
- Hnútvirkjun – breyting á aðalskipulagi
- Hvammsvirkjun – breyting á deiliskipulagi
- Lyklafellslína og Ísallína 3 – mat á umhverfisáhrifum
- Lög og þingsályktunartillaga um vindorku í ramma (3)
- Lög um mat á umhverfisáhrifum (3)

- Lög um vernd og veiðar á villtum dýrum (2)
- Mýrdalshreppur – breytingar á aðalskipulagi
- Rammaáætlun 3
- Reglugerð um mengunarvarnir í Þingvallavatni
- Sjálfbær landnýting reglugerð
- Smávirkanir – þingsályktun
- Stækkun þjóðgarðs á Snæfellsnesi
- Urriðakotshraun í Garðabæ – breyting á deiliskipulagi
- Vegagerð í Mýrdal
- Vindorkuver á Melrakkaslétu – matslýsing
- Vindorkuver á Mosfellsheiði - matsáætlun
- Vindorkuver í Dalabyggð – breyting á aðalskipulagi (2)
- Vindorkuver í Garpsdal – breyting á aðalskipulagi
- Vindorkuver í Skaftárhreppi – matslýsing
- Vonarskarð – Vatnajökulsþjóðgarður (2)
- Þórustaðanáma í Ingólfssjalli – mat á umhverfisáhrifum
- Þverárvirkjun í Vopnafirði – breyting á aðalskipulagi



SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

- Aðkoma almennings (Árósasamungur) (2)
- Arnarnesvegur – matsskylda
- Borgarlína
- Breytingar á skipulagslögum (3)
- Fiskeldi á Seyðisfirði
- Haf- og strandsvæðaskipulag og haf á Alþingi (2)
- Pálmaolíubann í lífdísil
- Plast- og úrgangsmál – lagabreytingar (6)
- Reglugerð um laxalús
- Sjálfbær iðnaðarstefna
- Skattaávilnanir í þriðja geiranum (2)
- Stjórnarskrárbreytingar (2)
- Stækkun United Silicon



LOFTSLAGSMÁL

- Aðgerðaráætlun 2 í loftslagsmálum
- Árangurstenging kolefnisgjalds
- Breytingar á loftslagslögum
- Breytingar á lögum um tekjuskatt
- Breytingar á lögum vegna fjárlaga
- Fjárfestingabann jarðefnaeldsneyti
- Græn skref utanríkisráðuneytisins
- Græn utanríkisstefna
- Loftslagsaðgerðir Reykjavíkurborgar
- Lögfesting markmiða í loftslagsmálum (3)
- Mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa
- Orkuþlöntur

GUNNHILDUR FRÍÐA HALLGRÍMSDÓTTIR
ÞORGERÐUR MARÍA ÞORBJARNARDÓTTIR

GERUM NÝ MISTÖK, EKKI GÖMUL



Loftslagsverkföllin hafa nú staðið yfir í tvö ár. Kynslóðir okkar beggja hafa kallað eftir róttækum aðgerðum í loftslagsmálum og kröfur okkar eru byggðar á vísindalegum forsendum. Stjórnvöld hafa lítið gert annað en að klappa okkur á kollinn eða gagnrýna okkur fyrir að vera of róttæk. Þar sem ótrúlega mikið er í húfi og það er ekki boðlegt að gera minna en nóg munum við aldrei segja okkur of róttæk. Ungt fólk leiðir baráttuna því við skiljum loftslagsvandann ekki bara út frá tölum og þjóðhagsspám, heldur einnig út frá hjartanu. Loftslagskvíði og sorg hellist oft yfir okkur þegar við tölum við foreldra eða rökræðum við stjórnáamenn um loftslagsmál. Það er erfitt að halda í barátturöddina þegar sorg og sektarkennd hellist yfir hjartað. Missir og þyngsl vegna framtíðar sem við gætum farið á mis við og samkennd með hundruðum þúsunda sem þjást í dag. Áður en við skildum tölurnar bak við loftslagsbreytingar skildum við þó að hér er eitthvað innilega rangt. Sú tilfinning er ennþá föst í okkur í dag.

Til þess að takast á við loftslagskvíða höfum við gert andstætt við það sem hið einstaklingsmiðaða samfélag nútímans stimplar inn í okkur að gera. Í staðinn tökum við þátt í hreyfingunni og sameinumst með fólki sem vill breyta samfélaginu. Þannig náum við að færa andlegu ábyrgðina af vandamálum heimsins af okkar herðum og öðlumst í staðinn trú á hreyfinguna og umbyltinguna sem hún mun valda. Við höfum sterka trú á kynslóðum okkar og við þurfum að sameinast í baráttunni til þess að ná fram okkar breytingum. Hreyfingar eins og Landvernd geta fleytt okkur áfram með því að bjóða okkur að borðinu sem jafningjum og virða andlega skilning okkar á málinu.

Tækifæri til þess liggja alls staðar. Heimsfaraldurinn hefur valdið því að þjóðin hefur verið hérlandis í meira en ár, og séð meira af landinu en nokkurn tíma fyrr. Við erum smátt og smátt að átta okkur á því að við þurfum ekki helgarfrí á Spáni til að flýja raunveruleikann, heldur þurfum við samfélag sem við tengjum við, eigum eignarhald í, og er annt um. Löng viðvera á Íslandi og fjarvera ferðamanna hefur látið kynslóðir okkar hugsa meira um samfélagið og grunnstoðir þess. Í því felast

tækifæri til þess að endurhugsa hlutina upp á nýtt og móta framtíð komandi kynslóða. Ef þú vilt vernda hálendið farðu þá með ungt fólk á hálendið! Sýndu fólki að hálendið er ekki bara staður í Umhverfisiðauka 3b, heldur staður sem við getum öll átt saman og notið óháð samfélagslegri stöðu okkar. Við getum öll notið þess að borða gott nesti við fjallsrætur landsins.

Ef það er eitthvað sem þessi barátta hefur kennt okkur er það að ef þú hefur trú á fólki geta hinir ólíklegustu stigið upp og tekið þátt. Það eru einmitt þeir sem ná svo vel til annarra og eru mikilvægur liður í að byggja upp samfélag af fólki sem vill breytingar.

Margt er í húfi og það virðist sem það sé tregða við að taka stór skref því við erum hrædd við að gera mistök í baráttunni og umbyltingunum sem eru að eiga sér stað. Alicia Garza, einn af stofnendum Black Lives Matter hreyfingarinnar, sagði eitt sinn að við yrðum að hafa frelsi til að gera ný mistök í stað þess að endurtaka söguna. Sem betur fer er sköpunargleði eitt besta einkenni mannsins og við höfum allt til þess að skapa og innleiða róttækar lausnir út frá sameiginlegri ást á umhverfinu, fólki og plánetunni allri.



Loftslagsverkföll í Reykjavík. Ljósmyndari: Hrefna Morthens.

HVERNIG DREG ÉG ÚR KOLEFNISSPORINU?

Loftslagsvernd í verki er nýtt sex vikna námskeið á vegum Landverndar, ætlað einstaklingum sem vilja leggja sitt af mörkum í þágu loftslagsins. Námskeiðið er valdeflandi og miðar að því að styðja einstaklinga til að finna eigin leiðir til að draga úr kolefnissporinu.

Undirbúningur að námskeiðinu hófst vorið 2020 og var opnað fyrir þátttöku í febrúar 2021. Nú þegar hafa níu hópar farið af stað og verður boðið upp á skráningu aftur í haust. Á námskeiðinu er unnið í 5-8 manna hópum með gagnvirkri þátttöku í Vefskóla Landverndar. Þannig skiptir búseta ekki máli – allir geta tekið þátt.

Hver hópur vinnur sig í gegnum nokkra áfanga sem stuðla að því að hver þátttakandi skoði eigin lífsstíl, hvort sem er á heimilinu, í starfi eða sem almennur borgari – og meti til hvaða aðgerða hann geti gripið til að draga úr kolefnissporinu. Þannig fá þátttakendur stuðning og ferskar hugmyndir frá félögum í hópnum. Í kjölfarið setur hver og einn sér raunhæf markmið til skemmri og lengri tíma. Hver hópur fær fróðan leiðbeinanda sem hefur hlotið til þess sérstaka þjálfun.

Loftslagsbreytingar eru eitt brýnasta viðfangsefni samtímans. Engin ein lausn er á vandanum sem við blasir. Til að leysa hann þarf bæði alþjóðlegt samstarf og skýra stefnu einstakra ríkja. Atvinnulífið og fyrirtækin verða einnig að leggja sitt af mörkum. En hvað með einstaklinga? Jú, þeir eru hluti af lausninni.

Hver hópur hittist sjö sinnum, á fundunum er m.a. fjallað um samgöngur, matarvenjur, húsnæði, neyslu og hvernig hægt er að hvetja aðra til dáða.

Þátttaka í námskeiðinu stendur öllum félagsmönnum Landverndar til boða endurgjaldslaus. Afsláttarkóða sem tryggir 100% afslátt má finna í lýsingu námskeiðisins.

Námskeiðið Loftslagsvernd í verki nýtur stuðnings umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til þriggja ára. Það var undirbúið í samstarfi Landverndar við Kvenfélagasamband Íslands og Umhverfisstofnun. Ráðgjafi verkefnisins var Auður H. Ingólfssdóttir, eigandi og framkvæmdastjóri Transformia – Sjálfsefling og samfélagsábyrgð.



**Loftslagsvernd
í verki**

VEFSKÓLI LANDVERNDAR



Vegna loftslagsbreytinga hafa jöklar landsins hopað hratt síðasta aldarfjórðunginn.

NOKKRIR VALDIR VIÐBURÐIR STARFSÁRSINS



MARGMIÐLUNARSÝNINGIN – ENGINN VEIT HVAD ÁTT HEFUR FYRR EN MISST HEFUR

Samsýning Landverndar og Ólafs Sveinssonar, Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur, fór um víðan völlum árið 2020. Á sýningunni var m.a. varpað ljósi á þær náttúruperlur sem hafa glatast eða gætu glatast ef haldið verður áfram á sömu braut. Sýningin var upprunalega sett upp í samstarfi við Norræna húsið og Framtíðarlandið í tilefni af 50 ára afmæli Landverndar. Síðar var hún sett upp í samstarfi við landshlutabundin náttúruverndarsamtök um land allt þar sem sýningin fékk að njóta sín í nokkrar vikur í senn fyrst í Edinborgarhúsinu á Ísafirði og síðan í Sláturhúsinu á Egilsstöðum.



FUNDARÖÐ: VESTFIRÐIR – AUÐLINDIR, NÁTTÚRUVERND OG MANNLÍF

Vestfirðir eru einstakir, náttúran stórkostleg, mannlíf fjölbreytt og auðlindir miklar og mikilvægar. Með það að leiðarljósi var fundaröðin: Vestfirðir – auðlindir, náttúruvernd og mannlíf, haldin dagana 10. – 12. september 2020. Fundirnir voru rafrænir og sendir út frá Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Fundirnir voru fjórir og fjölluðu um fiskeldi, orkuöryggi á Vestfjörðum, menningu og sögu Árneshreppar, og náttúruvernd til heilla.



NÁTTÚRA ÍSLANDS OG HÁLENDISÞJÓÐGARÐUR – RÖÐ MÁLPINGA UM LANDIÐ

Í kjölfar vel heppnaðs málþings um náttúru Íslands og Hálandisþjóðgarð í Gunnarsholti á Suðurlandi í janúar 2020 efndi Landvernd til þriggja málþinga á Austurlandi, Norðausturlandi og Norðvesturlandi. Málþingin, sem voru rafræn, voru öll haldin í samvinnu við landshlutabundin náttúruverndarsamtök.



HVAR ER ÞRÍEYKIÐ Í LOFTSLAGSMÁLUM?

Þann 23. júní 2020 kynntu stjórnvöld nýja aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Eftir skil umsagna frá Landvernd, Ungum umhverfissinum, Náttúruverndarsamtökum Íslands og París 1.5 um aðgerðaáætlunina sat eftir spurningin: Hvar er þríeykið í loftslagsmálum? Haldinn var hádegisfundur um málið þar sem kynntar voru umsagnir allra samtakanna og hvað þau töldu að væri nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að gera til þess að ná árangri í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.



HVERS VIRÐI ER NÁTTÚRAN? ÚTTEKT MCKINSEY Á ÁVINNINGI NÁTTÚRUVERNDAR

Í lok nóvember kynnti Duko Hopman, ráðgjafi hjá hinu virta ráðgjafafyrirtæki McKinsey, niðurstöður skýrslunnar Valuing nature conservation – A methodology for quantifying the benefits of protecting the planet's natural capital á rafrænum fundi. Skýrslan kom út í september 2020 og fjallar um náttúruvernd og alþjóðlegt mikilvægi hennar á hagrænum nótum, þ.e. varpað ljósi á viðskiptamódel náttúruverndar.



HÁLENDIÐ – VERÐMÆTASTA AUÐLIND ÍSLANDS?

Á fullveldisdaginn 2020 efndi Landvernd til ráðstefnu um af hverju þjóðgarður á hálendi Íslands er góð hugmynd. Erindi ráðstefnunnar voru fjölbreytt og voru framsögumenn hennar Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra Íslands; Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa Lónsins; Jón Kalman Stefánsson, rithöfundur og Carol Ritchie, framkvæmdastjóri EUROPARC – sambands verndarsvæða í Evrópu. Brynhildur Ólafsdóttir, fjallaleiðsögu- og fjölmiðlakona stýrði fundinum. Ráðstefnan var haldin rafrænt og streymt frá Norræna húsinu.



VIÐBURÐIR Í SAMSTARFI VIÐ VEGANÚAR

Í stefnu Landverndar kemur fram að styðja þurfi við innlenda grænmetisframleiðslu og er það því orðinn fastur liður í viðburðadagatali Landverndar að halda einn eða fleiri viðburði í janúar í samstarfi við Veganúar ár hvert. Landvernd og Veganúar 2021 stóðu fyrir vel heppnuðu málþingi um fiskeldi og viðburðinum: Trúnó! Hvers vegna varðst þú vegan?



HRINGVEGURINN Í GEGNUM MÝRDAL – RAFRÆNN FRÆDSLUFUNDUR

Landvernd í samstarfi við Náttúruverndarsamtök Suðurlands og heimamenn í Mýrdalshreppi, efndi í janúar til rafræns fræðslufundar um áformaðar vegaframkvæmdir hringvegur í Mýrdal. Tilgangur fundarins var að gefa Mýrdælingum og þeim sem hafa áhuga, tækifæri til að kynna sér málið og hvernig þeir geta haft aðkomu að málinu.



HVER BER ÁBYRGÐ Á NÁTTÚRUNNI Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU?

Í apríl efndu Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands (NÍ) til málþings um skipulag grænna svæða á og nálægt höfuðborgarsvæðinu, þar sem m.a. var leitað við að varpa ljósi á hver ber ábyrgð á framtíð þeirra. Málþingið var hið fyrsta af þremur um náttúruna á og nálægt höfuðborgarsvæðinu, sem haldin verða af Landvernd og NÍ. Næsta málþing mun fjalla um samspil borgarskipulags og náttúruverndar og það þriðja um lýðheilsu og náttúruvernd í þéttbýli.



FERÐAFRELSI OG STÝRINGAR INNAN ÞJÓÐGARÐA – HÁDEGISFUNDUR

Þann 31. maí efndu Landvernd, Ferðafélag Íslands og Ungir umhverfissinnar til hádegisfundar um ferðafrelsi og stýringar innan þjóðgarða. Fengin voru mismunandi sjónarmið m.a. frá þjóðgarðsverðinum Guðmundi Ögmundssyni; Írisi Ragnarsdóttur Pedersen, eiganda og leiðsögumanni hjá Tindaborg Mountain guides, og Snædísí Arnardóttur í umhverfis- og ungliðanefnd Ferðaklúbbsins 4x4.



VÖRSLUSKYLDA BÚFJÁR – NÝ SKÝRSLA LANDVERNDAR KYNNT

Í maí voru niðurstöður nýrrar skýrslu Landverndar um vörsluskylda búfjár kynntar í Hannesarholti af höfundi hennar, Lilju Sigríði Jónsdóttur. Skýrslan skýrir hvernig hægt er að breyta lögum þannig að lausaganga búfjár verði stöðvuð og vörslukylda gerð að meginreglu. Aðalfundur Landverndar 2020 ályktaði um lausagöngu búfjár.

ÁLYKTANIR 2020-2021



LANDSELUR Í HÆTTU

Landvernd hefur verulegar áhyggjur af ástandi landselastofnsins, sérstaklega af mikilli fækkun sem stafar af því selirnir festast í grásleppunetum og drukkna. Landvernd hvetur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra til að grípa strax til viðeigandi aðgerða.



ÍSLENSK STJÓRNVÖLD UPPFYLLA EKKI EES REGLUR UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Markmið með umhverfismati framkvæmda er að tryggja að náttúran verði ekki fyrir óbætanlegum skaða og að tekið sé tillit til umhverfisins í öllum undirbúningi og leyfisveitingarferlum vegna framkvæmda og starfsemi sem hefur neikvæð umhverfisáhrif í för með sér. Á Íslandi hafa þjóðréttarlegar skuldbindingar vegna mats á umhverfisáhrifum ekki verið uppfylltar m.a. þegar kemur að markmiðum laga og því að tryggja hlutleysi leyfisveitenda.



AÐGERÐAÁÆTLUN RÍKISSTJÓRNARINNAR Í LOFTSLAGSMÁLUM DUGIR EKKI TIL

Stjórn Landverndar telur aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum dugi engan veginn og að hún sé byggð á of bjartsýnum spám um samdrátt í losun án inngrípa (skv. grunnsviðsmynd).



HÓFSTILLTAR SAMRÆÐUR MIKILVÆGAR Í NÁTTÚRUVERND

Í kjölfar úrsagnar Ferðaklúbbsins 4x4 úr Landvernd áréttaði stjórn samtakanna að megintilgangurinn með starfi Landverndar er að vinna að verndun náttúru og umhverfis Íslands á landi, í legi og í lofti svo þeim verði sem minnst spillt, okkur og komandi kynslóðum til handa. Þá vilja samtökin stuðla að endurreisn spilltrar náttúru, náttúrugæða og umhverfis með þeim hætti er hæfir sem best náttúrulegum aðstæðum og búsetu í landinu. Landvernd vonar að úrsögn 4x4 sé ekki til vitnis um það að þessi mikilvægu samtök útivistarfólks séu að fjarlægjast hugmyndir og hugsjónir um verndun íslenskrar náttúru. Við náttúruvernd er erfitt að gera svo öllum líki. Því eru hófstilttar samræður mikilvægar. Það er leiðarstef í starfsemi Landverndar.



FRAMTAKSLEYSI ALÞINGIS SKAÐAR RAMMÁÆTLUN

Stjórn Landverndar telur það alvarlegan ágalla á störfum Alþingis að það hafi frestað í næstum fimm ár að afgreiða þingsályktunartillögu um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun). Alþingi verður að taka hlutverk sitt sem stefnumarkandi aðili um rammaáætlun alvarlega og má ekki víkja sér undan því að taka hana til afgreiðslu nú á vorþingi. Framtaksleysi Alþingis fram til þessa hefur skaðað rammaáætlun og náttúruvernd í landinu.

Rekstrarreikningur ársins 2020

| Rekstrartekjur: | 2020 | 2019 |
|--|--------------------|--------------------|
| Árgjöld | 66.846.820 | 58.789.897 |
| Almennir styrkir | 12.740.820 | 16.741.375 |
| Verkefnatengdar tekjur og styrkir | 51.375.641 | 42.529.405 |
| Umsýslu - og aðstöðugjald | 7.457.001 | 6.386.937 |
| Aðrar tekjur | 278.680 | 2.406.936 |
| | <u>138.698.962</u> | <u>126.854.550</u> |
| Rekstrargjöld: | | |
| Laun og tengd gjöld | 38.790.789 | 31.634.294 |
| Verkefnatengd gjöld | 51.624.576 | 45.854.722 |
| Önnur rekstrargjöld | 39.203.127 | 47.464.755 |
| Afskrift rekstrarfjármuna | 193.188 | 193.188 |
| Fjármagnstekjuskattur..... | 187.079 | 69.043 |
| | <u>129.998.759</u> | <u>125.216.002</u> |
| Hagnaður (tap) fyrir fjármuna - og fjármagnsliði | 8.700.203 | 1.638.548 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld: | | |
| Fjármunatekjur | 1.524.291 | 1.553.838 |
| Fjármagnsgjöld | (107.216) | (46.626) |
| | <u>1.417.075</u> | <u>1.507.212</u> |
| Hagnaður (halli) ársins | <u>10.117.278</u> | <u>3.145.760</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| Eignir: | 2020 | 2019 |
|--|-------------------|-------------------|
| Fastafjármunir: | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | |
| Jörðin Alviðra og Öndverðanes II | 8.644.886 | 8.838.074 |
| Langtímakröfur: | | |
| Verðbréfaeign Hússjóðs | 23.542.463 | 22.414.763 |
| Fastafjármunir alls | <u>32.187.349</u> | <u>31.252.837</u> |
| Veltufjármunir: | | |
| Birgðir, bækur o.fl. | | 680.000 |
| Kröfur og fyrirfram greidd gjöld | 8.716.602 | 13.926.344 |
| Handbært fé | 51.995.415 | 30.200.200 |
| Veltufjármunir alls | <u>60.712.017</u> | <u>44.806.544</u> |
| Eignir alls | <u>92.899.366</u> | <u>76.059.381</u> |
| Skuldir og eigið fé: | | |
| Eigið fé: | | |
| Eigið fé | 72.609.183 | 62.491.905 |
| Skuldir: | | |
| Skammtímaskuldir: | | |
| Skuldbindingar vegna móttækinnna styrkja | 13.647.970 | 8.044.000 |
| Ýmsar skammtímaskuldir..... | 6.642.213 | 5.523.476 |
| Skuldir alls | <u>20.290.183</u> | <u>13.567.476</u> |
| Skuldir og eigið fé, alls..... | <u>92.899.366</u> | <u>76.059.381</u> |

